

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundum nr. 242
dags: 18. janúar 2024



-
- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 658 íbúar mv. 2. janúar sl. og fjölgaði því íbúum í Dalabyggð um 5 á árinu 2023 eða um rétt tæpt 1 %.
 - Fjárhags- og framkvæmdaáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2024 til 2027 var samþykkt samhljóða í desember og erum við þegar farin að vinna að undirbúningi og framkvæmd þeirra ákvarðana sem í þeirra áætlun er. Stærsta einstaka verkefnið er, líkt og í á sl. ári, uppbygging íþróttamannvirkja en það verkefni hefur frestast sökum þess vonda ástands sem verið hefur, og er enn að vissu leiti, á fjármagnsmarkaði. En við erum alls ekki af baki dottin og hefur verið unnið fyrir okkar uppfært sérfræðiálit og samtal er hafið við nokkra aðila varðandi mögulega fjármögnun.

Með góðum huga hafið sjálfst má brúa.

Einar Benediktsson

-
- Skrifað var undir samning um sölu á Félagsheimilinu að Staðarfelli föstudaginn 9. desember sl.
 - Það verður spennandi að sjá og fylgjast með þeim áformum sem nýir eigendur eru með uppi hvað það hús og bæjartorfuna á Staðarfelli varðar.



- Varðandi vegamál og þrýsting okkar í Dölunum á úrbætur þá birtist góð auglýsing í Morgunblaðinu sl. laugardag þar sem vakin var enn og aftur athygli á bágbornu ástandi vegarins um Skógarströnd. Þessi auglýsing vakti verðskuldaða athygli víða hef ég skynjað og það er greinilegt að sá „vinsamlegi“ tónn sem beitt er fellur í kramið og vekur athygli, jákvæða, á baráttuaðferðum þeim sem beitt er í þessu tiltekna máli þó auðvitað við þurfum í einstaka tilfalli að brýna raustina ef svo má segja.
- Ég vil einnig nefna hér að það er all svakaleg staðan sem uppi er hér beggja vegna Búðardals á Þjóðvegi 60. Í kjölfar frostakafla þegar snögg hlýnaði og rigningartíð varði í nokkra daga þá hreinlega flettist slitlag af veginum víða og hef ég í skýrslu minni hér með myndir sem ég tók af einum af vondum köflum, ég hef sent þessar myndir á forráðamenn Vegagerðarinnar á vestursvæði en ekki fengið áheyrn enn sem komið er, en því verður fylgt eftir.



Þekkir þú útsýnið?

Við verðum því miður ekki hissa ef þú svarar þessari spurningu neitandi.

Skógarstrandarvegur er eini stofnvegurinn á Vesturlandi og sá lengsti á láglandi landsins alls sem er án bundins slitlags. Um er að ræða malarveg með sjö einbreiðar brýr, veg sem liggur hjá heimilum, fyrirtækjum og um hann liggur leið skólalíks. Það er alltof oft að vegurinn ber ekki þung okutækí, ökumenn ráða ekki við ástand vegarins eða erfitt er fyrir okutækí að mætast. Þannig eru útköll vegna bílana, sprungina dekkja, útafaksturs og slysa því miður nokkuð tíð.

Í Samgönguáætlun 2024–2038 sem lögð var fram á Alþingi sl. haust er ekki gert ráð fyrir frekari lagfæringum fyrr en 2027. Það er er aðeins gert ráð fyrir 300 milljónum í veginn þó áætlaður heildarkostnaður vegna hans sé meiri en 11.500 milljónir.



-
- Rekstur Silfurtúns er nú komin í hendur HVE
1. janúar sl. Vil ég hér óska Silfurtúni, heimilis- og starfsfólki sem og nýjum rekstraraðila, alls hins besta á komandi tímum um leið og ég færi starfsfólki kærar þakkir f.h. Dalabyggðar fyrir góð og gefandi störf í þágu heimilismanna. Dalabyggð mun áfram eiga fasteignina sem starfsemin er í og hefur verið undirritaður leigusamningur þess efnis við HVE.
 - Vinna við gerð deiliskipulags hér inn í Búðardal er farin af stað og hefur verið gerður samningur um það verkefni við Arkís. Það hefur skort á að í gildi væri deiliskipulag fyrir ákveðin svæði hér í þéttbýlinu og er vonandi að mál leysist samfara þessu verkefni og allri óvissu um lóðarmörk og/eða stærð einstakra svæða verði þar með eytt.



-
- Breytt gjaldskrá gámasvæðis tekur gildi þann 1. febrúar n.k. þar sem nýjar og breyttar leikreglur verða teknar upp samhliða. Kynningarefni og allar upplýsingar verða gerðar aðgengilegar í kjölfar þessa sveitarstjórnarfundar en það er sveitarstjórn sem á síðasta orðið um þessa gjaldskrá og leikreglur eins og annað í stjórnsýslunni okkar. En eins og fyrr sagði þá verður kynningarefni og gjaldskráin aðgengileg á heimasíðu Dalabyggðar á næstu dögum.
 - Viðvera byggingarfulltrúa í Búðardal hefur verið fest frekar í sessi þannig að hann verður framvegis með fasta viðveru hér á skrifstofunni okkar alla föstudaga og fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði. Upplýsingar þessa efnis eru aðgengilegar á heimasíðu Dalabyggðar en eins og kunnugt er þá eigum við í samstarfi við nágranna okkar á Reykhólum og á Ströndum um verkefni byggingarfulltrúa líkt og verkefni skipulagsfulltrúa.



-
- Innviðaráðherra hefur tilkynnt að áform hans um að leggja fram á vörþingi tillögu sínar um breytingu á regluverki Jöfnunarsjóðs frestist um óákveðinn tíma en mikil óvissa er um stöðu þessa mikilvæga sjóðs í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms í máli því sem Reykjavíkurborg höfðaði á hendur sjóðnum. Um er að ræða kröfu upp á rúma 3 milljarða króna sem með dráttarvöxtum og málskostnaði er kominn í rúmar 5 milljarða og munar um minna, innviðaráðherra hefur ákveðið að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms.
 - Þessi óvissa er vond fyrir sveitarfélög eins og Dalabyggð sem eiga mikið undir í samskiptum og framlögum frá sjóðnum og vonandi að þessi óvissa vari ekki lengi en jafnframt mikilvægt að við höldum vöku okkar óskiptri þegar umfjöllun um breytt regluverk um sjóðinn hefst að nýju



-
- Miðvikudaginn 17. janúar sl. var haldinn opinn fjarfundur þar sem Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson ráðgjafi hjá Ásgarði skólajónustu kynnti drög að nýrri menntastefnu Dalabyggðar fyrir árin 2023-2028. Fundurinn var ágætlega sóttur og viljum við þakka þeim sem gáfu sér tíma til að mæta fyrir þátttökuna, kynning Gunnþórs var góð og vel fram sett.
 - Menntastefnu Dalabyggðar er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að skólastarfi, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu. Það er sveitarfélaginu mjög mikilvægt að fá íbúa með í þróun á stefnu og markmiðum menntastefnunnar. Nú eftir fundinn verður opið fyrir tillögur á úrbótum á menntastefnunni fram til 28. janúar n.k.

Menntastefna Dalabyggðar 2023-2028



-
- Atvinnumálanefnd Dalabyggðar hélt fjölmennan fund með verktökum hér í héraði í gær, miðvikudaginn 17. janúar. Á fundinum var framkvæmdaáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2024 til 2027 kynnt og einnig var nýgerðar vinnureglur um verktaka kynnt og rætt um við hópinn. Markmið með gerð vinnureglna er að skerpa á samskiptum sveitarfélagsins og starfsmanna þess við einstaka verktaka um þau verk sem í gangi eru, til hagsbóta vonandi fyrir alla sem að koma.
 - Fundurinn var mjög vel sóttur og viljum við þakka fyrir góða mætingu og þarfar umræður.




-
- SSV stendur fyrir fundi um fjarskiptamál á Vesturlandi mánudaginn 22 janúar.
 - Fundurinn hefst kl. 09:00.
 - Á fundinum mun Þorsteinn Gunnlaugsson ráðgjafi hjá Gagna kynna nýja skýrslu um stöðu fjarskiptamála á Vesturlandi sem hann vann á sl. ári. Það eru allir velkomnir á kynninguna en það þarf að skrá sig og er skráningarform aðgengilegt á heimasíðu SSV og er slóðin á þá síðu www.ssv.is



-
- Miðvikudaginn 24. janúar n.k. kl. 17:00 verður haldinn íbúafundur á vegum starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í Dalabúð. Það var, eins og vonandi sumum er kunnugt um, sl. haust sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála í Dalabyggð, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.
 - Tillögur hópsins skv. skipunarbréfi skulu m.a. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, flutningskerfi raforku, þjóðgarði á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Verða þessar hugmyndir ásamt fleirum sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins til umræðu á fundinum sem ég hvet sem flesta til að mæta á.





Föstudaginn 12. janúar veitti Uppbyggingarsjóður Vesturlands styrki til 75 verkefna hér á Vesturlandi. Heildarupphæð styrkja nam 46.400.000 króna. Þetta er tíunda árið sem sjóðurinn úthlutar styrkjum til annars vegar menningarverkefna og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefna en sjóðurinn er hluti af Sóknaráætlun Vesturlands.


Alls bárust 126 umsóknir, veittir voru styrkir til 75 verkefna en í heildina var sótt um samanlagt um rúmlega 190 m.kr. Þetta var fyrri úthlutun ársins en síðsumars verður aftur opnað fyrir umsóknir í flokki atvinnu- og nýsköpunarstyrkja. Að þessu sinni hlutu 13 verkefni styrki til atvinnuþróunar, alls 13.200.000 kr. Í flokki menningarverkefna hlutu 56 verkefni styrki sem námu 27.450.000 kr. og þá voru veittar 5.750.000 kr. til 6 stofn- og rekstrarverkefna á sviði menningar. Það er áhugavert að sjá hve mikil gróska er í atvinnu- og menningarlífi á Vesturlandi með öllum þessum fjölda umsókna og það er óhætt að segja að mörg áhugaverð og flott verkefni eru komin í gang eða í farvatninu.

Það er rétt að geta þess, og gleðjast yfir, hversu margir Dalamenn hlutu stuðning að þessu sinni en þrír af fjórum efstu atvinnu- og nýsköpunarstyrkjunum voru veittir í verkefni í Dalabyggð. Þá voru einnig verkefni sem hlutu menningarstyrki og stofn- og rekstrarstyrki menningar.

Til hamingju kæru styrkþegar – þessi útkoma sýnir þann sóknarhug sem er í Dölnum svo ekki verður um villst.



Glæsilegir fulltrúar Dalamanna við verðlaunaafhendingu Uppbyggingarsjóðs Vesturlands



Og við getum haldið áfram að státa okkur af öflugum Dalamönnum gott fólk því undanfarnar vikur hafa 10 teymi af Vesturlandi, þar f tvö verkefni héðan úr Döllum, sem hlutu brautargengi eftir forval við val á verkefnum verið að störfum. Vesturbrú er viðskiptahraðall sérhannaður með þarfir viðkomandi þáttökuteyma í huga og þannig hafa teymin áhrif á fræðsluna sem stendur þeim til boða á þeim tíma sem um ræðir.

Markmið hraðalsins er efla sköpunarkraft og frumkvöðlastarf á Vesturlandi, tengja fólk saman og stuðla að nýjum verkefnum og verðmætasköpun á svæðinu.

Já, það eru spennandi tímar !

-
- Menningarmálanefnd Dalabyggðar auglýsti eftir umsóknum í menningarmálaverkefnasjóð þar sem til úthlutunar á árinu 2024 verða 1.000.000 kr. Hlutverk sjóðsins er að styðja við menningarmál í Dalabyggð og er það gert með því að veita styrki eftir því sem menningarmálanefnd Dalabyggðar telur þjóna markmiðum sjóðsins.
 - Umsækjendur í sjóðinn geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð. Umsóknarfrestur rann út þann 15. janúar sl. og liggur nú fyrir hjá menningarmálanefnd að vinnu úr innsendum umsóknum.



-
- Að endingu vil ég nefna að það var ánægjulegt að fylgjast með ferðum jólasveinanna okkar úr Dölnum á hina ýmsu staði í aðdraganda jóla, m.a. á Bessastaði þar sem tekið var hús á forsetanum okkar. Íslensku jólasveinarnir eru úr Dölnum er samfélagslegt verkefni sem er hugsað sem leið til að markaðsetja og undirstrika gæði Dalanna og vara sem framleidd er á svæðinu, auk þess að vera afþreying fyrir fjölskyldufólk og fræðimenn.
 - Það verður spennandi að fylgjast með framgangi þessa spennandi verkefnis.



- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- Saman og samhent getum við meira og betur – göngum í takt – okkur, samfélaginu og Dalabyggð til heilla !

- BBÞ – 18/01/2024

